



Fundargerð formannafundar Krabbameinsfélagsins 18. september 2025.

Á fundinn voru mættir fulltrúar frá: Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis, Krabbameinsfélagi Austfjarða, Krabbameinsfélagi Austur-Húnavatnssýslu, Krabbameinsfélagi Austurlands, Krabbameinsfélagi Árnessýslu, Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar, Krabbameinsfélagi Hvammstangalæknishéraðs, Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins, Krabbavörn í Vestmannaeyjum, Krabbameinsfélaginu Sigurvon, Krabbameinsfélagi Skagafjarðar, Krabbameinsfélagi Snæfellsness, Krabbameinsfélagi Suðurnesja, Krabbameinsfélagi Vestur-Skaftafellssýslu, Brakkasamtökunum, Brjóstaheill, Framför og Krafti, auk starfsfólks og formanns Krabbameinsfélags Íslands.

1. Setninga fundar - Hlíf Steingrímsdóttir formaður KÍ setur fundinn.

2. Fréttir frá KÍ – Halla, framkvæmdastjóri KÍ

Halla fer yfir það helsta sem er í gangi hjá KÍ frá síðasta formannafundi í maí. Hún þakkar einnig Brakkasamtökunum fyrir góða ráðstefnu.

Nýtt fólk í stjórn

Nýir ráðgjafar hjá ráðgjafabjónustunni

Styrkleikar á nokkrum stöðum

Heilnæm útivist og fræðsla

Gottogefnalt.is

Lífsgæðarannsóknin

Aðgerðaáætlun um krabbameinsmál

Einstaklingsmiðuð heilbrigðisþjónusta

Talskona sjúklinga

Alþjóðadagur krabbameinsrannsókna – 25. september.

Norrænir fundir

Lífskraftur – samstarf

3. Starf aðildarfélaganna – fulltrúi hvers félags

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis – Mikil dagskrá er í gangi hjá félaginu og að mestu leyti er starfið með hefðbundnum hætti. Tveir ráðgjafar frá Krabbameinsfélaginu eru nú með starfsaðstöðu hjá félaginu og mikil aðsókn er til þeirra. Verið er að bæta við starf jafningjastuðnings og endurhæfingar. Loks er að koma að flutningi skrifstofu KAON yfir á nýjan stað, en félagið verður áfram staðsett við Glerárgötu. Félagið hefur fundið fyrir miklu þakklæti að undanförunu og hafa styrkir til þess aukist.

Krabbameinsfélag Austfjarða – Hefðbundið starf er í gangi hjá félaginu. Október er annasamur mánuður og þegar hafa verið skipulögð sjö erindi í fyrirtæki á svæðinu. Skjólstæðingar félagsins fá nú frían aðgang að líkamsrækt í boði Fjarðabyggðar. Félagið gaf Heilbrigðisstofnuninni lyfjaskáp, og fyrir nokkru var stofnaður námssjóður fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Fyrsti styrkur úr sjóðnum verður afhentur fljótlega.

Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu – Félagið gaf leikskólabörnum í héraðinu sólarvörn, ásamt fræðslu um hættur af sólargeislum sem dreift var til foreldra. Félagið veitti tveimur aðilum viðurkenningu fyrir góðan fjárstuðning við félagið. Einnig gaf það Hollvinum Heilbrigðisstofnunar Blönduóss gjöf í tilefni af 20 ára afmæli þeirra. Í október eru kirkjur og stofnanir lýstar upp.

Krabbameinsfélag Austurlands – Félagið er alfarið rekið af sjálfboðaliðum. Það býður upp á jafningjastuðning og stendur fyrir opnu húsi. Starfssvæðið er mjög víðfeðmt, en félagið hefur sett sér markmið að heimsækja reglulega alla bæi á svæðinu.

Krabbameinsfélag Árnessýslu – Hefðbundið starf er í gangi hjá félaginu. Gerður hefur verið samningur við sjúkrabjálfun á Selfossi um endurhæfingu. Félagið hefur boðið upp á kynningarfund um starfsemi sína. Í október verður haldið árlegt *Bleikt boð* til styrktar félaginu. Einnig verður boðið upp á fyrirlestur einu sinni í mánuði. Hugmyndir eru uppi um að endurvekja *Sæludvölin* á Sólheimum. Félagið fékk gjöf frá Lionsfélaginu, og í kjölfarið var stofnaður styrktarsjóður sem er hugsaður á svipaðan hátt og styrktarsjóður Krafts.

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar – Hefðbundið starf er í gangi hjá félaginu, með áherslu á forvarnarfræðslu. Í Bleikum október verður boðið upp á bleika göngu og hugvekjur, og kirkjur verða lýstar í bleikum lit. Félagið hefur heimsótt fyrirtæki og boðið upp á kynningu á starfsemi sinni. Það hefur einnig gefið Brákarhlíð loftdýnu og skoðunarbekk. Fræðslan *Fangaðu hugann með jákvæðu hugarfari* var í boði hjá félaginu. Einnig er verið að skoða að bjóða upp á *Styrkleika* í framhaldsskólanum á svæðinu.

Krabbameinsfélag Hvammstangslæknishéraðs – Félagið er lítið og starfið að mestu óformlegt, en að því standa fimm sjálfboðaliðar. Félagið styrkir krabbameinsgreinda

einstaklinga vel og stefnir á að efla forvarnarstarf sitt. Það tekur þátt í Bleikum október og selur slátur til styrktar félaginu.

Krabbameinsfélag Höfuðborgarsvæðisins – Gulla hefur látið af störfum hjá félaginu. Mikil stefnumótunarvinna hefur verið í gangi, sem leiddi til endurmörkunar fyrir félagið. Í október stendur félagið fyrir málþingi ásamt Brjóstaheill og KÍ. Unnið er að fræðslumynd um leghálskrabbamein, samhliða því að efla vitundarvakningu. Einnig er unnið að skrásetningu sögu félagsins.

Krabbavörn Vestmannaeyjum – Hefðbundið starf er í gangi hjá félaginu, með bæði kvenna- og karlahóp. Félagið stóð fyrir *Styrkleikum* í byrjun ágúst, sem vakti mikla ánægju, og stefnt er að því að halda viðburðinn aftur á betri tíma. Helgina eftir *Styrkleikana* var haldið golfmót til styrktar félaginu. Í Bleikum október verður boðið upp á opið hús, fræðsluerindi og ljósagöngu. Nokkrir hjúkrunarfræðingar í Eyjum ætla að halda örfyrirlestra.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar – Hefðbundin starfsemi félagsins er í gangi og félagið styrkir einstaklinga á starfssvæðinu. Aðstöðuleysi hefur verið hjá félaginu, en reynt er að bjóða upp á starf á Löngumýri, þó með árekstrum við starf í safnaðarheimilinu. Í október verður haldið *Bleika boðið*, eins og áður, þar sem boðið verður upp á mat, fræðslu og skemmtun. Félagið hefur einnig hugmyndir um súpufund í nóvember.

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu – Starfssvæði félagsins nær frá Klaustri að Vík, og skipst er á að halda fræðslu á þessum stöðum. Félagið styður sitt fólk með ferða- og dvalarstyrkjum. Það hefur einnig tekið þátt í bæjarhátíðum með kynningu á starfsemi sinni. Unnið er að því að kynna félagið frekar, meðal annars með að útbúa kynningarbæklinga sem dreift verður í hús á svæðinu. Áætlað er að halda ljósagöngu upp á Reynisfjall. Félagið hefur keypt fræðsluerindi sem nýtast öllum í samfélaginu.

Krabbameinsfélagið Sigurvon – Félagið kom vel undan sumri. Hreyfihópurinn starfaði yfir sumarið og nýttist vel sem stuðningur við þá sem hyggtast hlaupa í Reykjavíkumaraþoninu. Félagið stóð einnig fyrir sumarhátíð á Patreksfirði, sem gekk vel. Hauststarfið er að byrja; félagið fékk tvö sæti á listanámskeiði, það verður aðventukvöld og unnið er að lokahönd á lyfjaherbergi sem félagið ætlar að gefa.

Krabbameinsfélag Snæfellsness – Aðalfundur félagsins var haldinn í mars í Ólafsvík, þar sem Þorbergur Bæringsson sagði sína sögu. Í febrúar var félagsmönnum boðið upp á listasmiðju í Grundarfirði. Félagið hefur verið að vinna að gerð bæklinga um starfsemi, styrki og jafningahittinga, og áætlað er að bæklingarnir verði sendir á allar heilsugæslustöðvar á Snæfellsnesi. Unnið er að þýðingu bæklinganna á ensku og pólsku. Félagið gaf nýgreindum gjafapoka og átti þátttakendur í Reykjavíkumaraþoninu. Þorri Snæbjörnsson er settur tengiliður félagsins við ráðgjafabjónustu og átti hann gott samtal við ritara félagsins. Næstu viðburðir eru jafningjahópar, *Bleik messa*, *Perlað með Krafti*, Mottumars og erindi frá Framför.

Krabbameinsfélag Suðurnesja – Hefðbundið starf er í gangi hjá félaginu, sem er í samstarfi við sjö íþróttafélög á starfssvæðinu. Til dæmis hita félögin upp í bolum merktum félaginu. Félagið er að hefja hópastarf og býður einstaklingum upp á styrki. Einnig er áætlað að halda *Bleika slaufu hlaup* og *Bleika messu*, þar sem kirkjan verður lýst upp í bleikum lit. Á starfssvæðinu er lág þátttaka í tékki, og er félagið að útbúa varning til að hvetja fólk til að fara í tékk. Félagið stóð fyrir viðburði á Ljósanótt og hefur haldið *Perluviðburði fyrir Kraft*.

Brakkasamtökin – Félagið sagði frá ráðstefnu sinni sem haldin var í byrjun september. Það átti fulltrúa á fundi um einstaklingsmiðaða þjónustu og mun í kjölfarið taka þátt í stýrihópi. Einnig er unnið að þýðingu bókar um BRCA.

Brjóstaheill – Félagið átti fund með Landspítalanum. *Kastað til bata* var haldið á Langá á Mýrum, og félaginu var einnig boðið í auka veiði í stóru Laxá. Undirbúningur er í gangi fyrir málþing í Bleikum október, sem haldið verður í samstarfi við KH og KÍ. Unnið er að þýðingu sænska bæklingisins *Óttin við að endurgreinast*. Facebook-síða félagsins býður upp á jafningjastuðning, og möguleg fræðslukvöld eru í undirbúningi. Nokkrar nýjar konur hafa bæst í stjórn félagsins.

Framför – Félagið hefur vikulega opið hús, sem er eins konar félagsmiðstöð. Töluverðar breytingar hafa orðið á stjórn félagsins. Það er þegar byrjað að undirbúa *Bláan nóvember*. Félagsmönnum var einnig boðið í jeppaferð.

Kraftur – Mikið hefur verið um nýtt starfsfólk á skrifstofu Krafts. Í sumar var gefið út tímarit félagsins, boðið í sumargrill og kayakferð, meðal annars. Reykjavíkumaraþonið er stór hluti af starfi Krafts; í ár hljóp hópur manna sex maraþon til styrktar félaginu. Unnið er að innleiðingu skráningarkerfisins *Abler*. Nýlega var hafist handa við að bjóða félagsmönnum upp á ókeypis lögfræðiráðgjöf og afslátt af þjónustu lögfræðistofunnar. Einnig er unnið að samsetningu haustdagskrár, þó þátttaka hafi stundum verið takmörkuð. Félagið stendur fyrir fræðslu og stuðningi á samfélagsmiðlum og tekur þátt í Bleikum október með ýmsum viðburðum. Að lokum hvetur félagið til samstarfs úti á landi.

4. Kynning á Bleiku slaufunni – Ása Sigríður fer yfir komandi átak

Ása Sigríður fer yfir Bleiku slaufuna og inntak átaksins. Bleika slaufan hlaut góðar undirtektir. Allt efni sem tengist aðildarfélögum mun koma inn á stoðefnasíðuna <https://www.krabb.is/adildarfelog-stodefni>

5. Skýrsla vinnuhóps um framtíðaruppbyggingu aðildarfélaga – Halla framkvæmdastjóri

Halla fer stuttlega yfir skýrslu aðildarfélaga og aðgerðaáætlunina. Stjórn KÍ hefur samþykkt að mestu þær tillögur sem lagðar voru fram.

Ákvörðun stjórnar KÍ um að fylgja tillögum vinnuhópsins um aðgerðaáætlun

Aðildarfélög

- Útbúið skráningarkerfi; félögin fylla inn upplýsingar um sína starfsemi.
- Samvinna nágrannafélaga á fyrst og fremst við þau félög sem reka þjónustuskrifstofur.
- Rakel Ýr er falið að bæta upplýsingaflæði milli KÍ og félaganna.

Krabbameinsfélag Íslands

- Vefstjóra er falið að skoða umferð inn á aðildarfélagasiðu KÍ og koma með hugmyndir um bætingar.
- Rakel Ýr er falið að útfæra kynningarefni í samstarfi við markaðs- og kynningardeild KÍ og aðildarfélögin.
- Rakel Ýr er falið að skoða hvaða fræðsluefni vantar.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd á fundinum.

7. Fundi slitið

Hlíf þakkar fyrir fundinn og hvetur aðildarfélögin til að kynna sér inntak skýrslunnar sem var rætt.

Rakel Ýr